

ÁSVELLIR 1, HAFNARFIRÐI UMHVERFISSKÝRSLA VEGNA DEILISKIPULAGSBREYTINGAR.

Tengsl við aðrar áætlanir

Til grundavallar þessa deiliskipulags eru eftirfarandi skipulagsáætlanir: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040*, *Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025* og *Deiliskipulag Ásvalla frá 19.01.2010*, og er deiliskipulagsbreytingin unnin í samræmi við þær áætlanir. Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar er umrætt svæði skilgreint sem **ÍB3 Ásvellir**. Uppbygging íþróttamannvirkja á svæðinu er þegar hafin, og á svæðinu er íþróttahús með keppnisvöllum, æfingarhúsnæði, búningastöðu félagsheimili auk bílastæða og umferðarmannvirkja. Vellir fyrir knattleiki og frjálsariþróttir eru til staðar.

Staðhættir

Svæðið er mefram Ásbraut sem tengist Strandgötu við Haukatorg og miðbæ Hafnarfjarðar. Reykjanesbrautin er samsíða Ásbraut á þessum kafla. Íþróttasvæðið er í norðvestur hluta Vallahverfis og í nánnum tengslum við þá þjónustu sem er að finna við Tjarnarvelli. Suðaustur af íþróttasvæðinu er að finna friðland Ástjarnar og liggja mörk íþróttasvæðis og friðlands saman á suðausturmörkum við göngustíg sem þar er.

Minjar

Á svæðinu eru skráðar tvennar fornminjar. Syðst á svæðinu milli tveggja æfingasvæða eru fjárhústöftir 11x11 m að stærð. Norðar á íþróttasvæðinu í suðurjaðri hrunkants er grjóthlaðið fjárbyrgi 18x7x12 m að umfangi. Þessara fornminja er getið í deiliskipulagi frá 2010 og engar breytingar eru gerðar á því í þessu deiliskipulagi.

Veitur

Lögð er rík áhersla á regnvatnslausnir sem skila yfirborðsvatni í jörðu innan skipulagssvæðisins til þess að viðhalda vatnabúskap svæðisins. Við hönnun skal tryggja að framkvæmdir hafi ekki áhrif á grunnvatnsyfirborð svæðisins og að mengun frá framkvæmdasvæði berist ekki áfram og hafi áhrif á vatnabúskap svæðisins. Veitukerfi mannvirkja tengjast veitukerfi sveitarfélagsins.

Umferð

Svæðið er tengt stofnvegakerfi Hafnarfjarðar um Ásbraut, Tjarnartorg, Haukatorg og Strandgötu. Umferð á svæðinu kemur ekki til með aukast vegna nýrrar starfsemi á því. Á deiliskipulagsupprætti er gert ráð fyrir 100-110 íbúðum á Ásvöllum. Einnig kemur fram að gert sé ráð fyrir um 150 bílastæðum við íbúðir sem er um 1,4- 1,5 bílastæði á íbúð. Umferðartalning var gerð á þessu ári á Völlunum, og koom þar fram að tæplega 15.000 bílar fara um Ástorg á sólarhring, sem er tenging við mislæg gatnamót út hverfinu á Reykjanesbraut. Ber gatnakerfið þá umferð og þó nokkuð meiri. Aukning um 140-150 bílar, gefur því 1-2% aukningu umferðar um þessi gatnamót á sólarhring, sem er óveruleg aukning.

Á næstu tveimur árum verður Ásvallabraut framlengd frá Skarðshlíðarhverfi yfir á Kaldárselsveg og við þá framkvæmd mun hluti umferðar úr Vallarhverfi fara þá leið, sem minnkar aftur umferð á vegkaflann við Ásvelli.

Umhverfisskýrsla

Innan þess svæðis sem fellur undir þessa breytingu á deiliskipulagi er framkvæmd sem telst fyrirspurnarskyld samkvæmt tl. 10.03 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Helstu áhrifaþættir eru ásýnd, landnotkun m.t.t. umferðar og fjölda bílastæða og áhrif á vatnafar.

Umhverfisþáttur	Meginspurning	Niðurstaða
Ásýnd	Mun áætlun hafa áhrif á ásýnd svæðisins?	Svæðið er raskað vegna núverandi íþróttamannvirkja og æfingarsvæða, og vegna eðli og umfangs framkvæmdarinnar er óhjákvæmilegt að áhrifa gæti á ásýnd. Skilmálar eru settir í því markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd m.a. með skilyrðum um hæðir, þök, vandaða hönnun, og gróður í nær umhverfi svæðisins.
Landnotkun m.t.t. umferðar	Mun áætlunin hafa aukin áhrif á umferð á svæðinu?	Aukin starfsemi felur í sér aukna umferð. Almenningsamgöngur fara um stofnbraut meðfram svæðinu í dag. Bifreiðaumferð fer jafnframt um þá stofnbraut. Aðkoma að bílastæðum er um tengibraut út frá framangreindri stofnbraut. Áhrif umferðaraukningar er metin óveruleg miðað við núverandi umferðmagn. Áhrif af umferð er þó metin neikvæð.
Vatnafar	Mun áætlunin hafa áhrif á vatnafar á svæðinu?	Svæðið er nú þegar notað fyrir íþróttahús og útisvæði íþróttar. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir færslu og breyttri legu íþróttamannvirkja sem og staðsetningu á æfingarvöllum. Íbúðarhús mun rísa í námunda við íþróttahöll og bílastæði. Mörk íþróttasvæðis eru óbreytt frá deiliskipulagi samþykktu 2010 og liggja þau að mörkum friðlands Ástjarnar. Þessi deiliskipulagsbreyting hefur engin áhrif á vatnafar svæðisins samanborið við gildandi deiliskipulag frá 2010. Gildandi reglum um friðlandið skal fylgt eftir því sem við á, samanber greinagerð deiliskipulagsins. Við fylgd skilmála er talið að áhrifin á vatnafar séu óveruleg.
Minjar	Mun áætlunin hafa áhrif á minjar á svæðinu?	Ekki er talið að áætlunin muni hafa áhrif á minjar. Tvennar minjar eru á svæðinu. <i>Ef áður óþekktar minjar finnast á framkvæmdartíma skal tafarlaust haft samband við Minjastofnun Íslands í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.</i>

Yfirlit yfir vægi umhverfisáhrifa.

VÆGI ÁHRIFA	TÁKN	SKÝRING
Jákvæð áhrif		Stefna áætlunar hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óveruleg eða engin		Stefna áætlunar hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Neikvæð áhrif		Stefnan áætlunar hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óvissa/háð útfærslu		Áhrif geta verið háð hönnun og útfærslu framkvæmdar.